

Stjórnómálaegar sóttvarnir Yfirlit rannsókna

Einn af helstu sóttvarnarspekingum Íslendinga er lögreglumaður. Hann birtist í fréttum RÚV nýlega og fór mikinn um nauðsyn grímunnar sem sóttvarnartækis. Fréttamanneskja RÚV innti hann ekki eftir heimildum fyrir því.

Reyndar hefur enn ekki birst rannsókn, sem bendir til gagnsemi grímunnar. Þvert á móti hefur hún reynst hættuleg viðkvæmum og skapar ungum börnum slæm skilyrði máltöku og skapara þeim annan þroskavanda.

Rannsóknir á „sóttvarnaraðgerðum“ koma nú af færibandí. Kanadíski farsóttarfræðingurinn, Paul Elias Alexander, birti skömmu fyrir áramót ítarlega unnið yfirlit rúmlega fjögur hundruð rannsókna um efnið.

Samantekin niðurstaða er á þá lund, að venjulegar aðgerðir stjórnvalda eins og innilokanir (lockdown), sóttvarnarhús, grímu/grímuskylda og skólalokanir, hafi reynst gagnlausar við að hefta útbreiðslu veirunnar og fækka dauðsföllum.

Hamlandi aðgerðir eru hrikalegt klúður, sem hefur valdið óhemju tjóni, sérstaklega í ranni hinna fátæku og viðkvæmu í samfélaginu- ekki síst börnum. Börn (bandarísk), fædd í faraldrinum, sýna mælanlega þroskaskerðingu, m.a. heftan málþroska. Tilvísunum til talmeinafræðinga vegna málhelti hefur fjölgað gríðarlega.

Unnið er að skoðun á beinum aukaverkunum þeirra bóluefna, sem margar ríkisstjórnir skylda þegna sína til að undirgangast. Líklegt mál telja, að í opinbera aukaverkanagagnabanka rati einungis einn til tíu af hundruði aukaverkana.

<https://brownstone.org/articles/more-than-400-studies-on-the-failure-of-compulsory-covid-interventions/>